

Sp. 395. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið notuð olía til rykbindingar moldarvega í Bandaríkjunum og víðar erlendis. Nýlega er farið að blanda ofaniburð með sementi til þess að fá betra slitlag, vatnsheldara og ryklausa en annað.

Sviar hafa í allmörg ár notað olíu til að bera á moldarvegi til þess að gera þá ryklausa. Þar hefur þetta gefizt svo vel, að slíkir vegir eru nú víða þar. Norðmenn eru einnig byrjaðir á þessu og telja þetta gefa mjög góða raun. Virðist því orðið tímabært að gera tilraun með þetta hér.

Kalksamband það, sem nokkuð hefur verið notað hér, hefur verið til mikilla bóta, en reynzt nokkuð dýrt og stundum enzt illa. Hitt atriðið, að blanda sementi í ofaniburð, er nýrra af nálinni, en hefur þó nokkuð verið gert erlendis og talið gefast vel, þar sem vel hagar til. Þetta væri mjög athyglisvert hér, einkum af því að ofaniburður er hér sums staðar með miklu bindiefnisinnihaldi („pozzolan“), en það gæti sparað sementsnotkun, en blandan þó verið nægilega sterk. Virðist því að óreyndu líklegt, að þetta gæti gefizt vel, þar sem undirstaða er góð undir vegunum. Líklegt er, að alllangur tími líði, þar til hægt verður að steypa eða malbika mikið af þjóðvegum okkar vegna kostnaðar, og er því mikilsvert að fá úr því skorið með tilraunum, hvort unnt er að fara þessa millileið, sem gæti verið til mikilla bóta og brúað bilið, þar til þjóðvegir yfirleitt verða steyptir eða malbikaðir án óbærilegs kostnaðar.